

*(Aðeis)*

**48. fundur sveitarstjórna Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 17. september 2009  
kl. 17:00 haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.**

**Mætt voru:** Þórir Jónsson, Siggeir Stefánsson oddviti ,Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir , Heiðrún Óladóttir, Nanna Steina Höskuldardóttir , Hulda Sigurðardóttir og Gunnólfs Lárussonar og Björn G. Björnsson sem ritaði fundargerð á tölву.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna ,spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Að auki sátu fundinn Jón Stefánsson, Jóhann Þórarinsson og Guðrún Kristjánsdóttir – þeim þakkað fyrir þeirra innlegg.

*Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðið.*

**Dagskrá:**

**DAGSKRÁ:**

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

- Fundurinn lokaður. Ákveðið að boða til borgarafundar ásamt fagaðilum, vegna mikilla vandamála varðandi skemmdarverka krakka og eða unglings i bænum sem og ónædis sem íbúar hafa orðið fyrir. Sveitarstjóra falið að finna fundartíma sem fyrst og boða til hans.*
- Sveitarstjóri fór yfir málefni Eyravegs 8 (Sand) en i sumar hafa tveir einstaklingar sýnt húsinu mikinn áhuga þannig að sveitarstjóri sendi þeim eftirfarandi bréf þann 3.sept. s.l.og hefur hvorugur þessa einstaklinga haft samband við hann eftir það.*

Til þess að sveitarfélagið Langanesbyggð geti tekið tillit til tilboðsins þurfa eftirtaldir liðir að liggja fyrir

- Leggja fram kostnaðaráætlun um endurbyggingu hússins.
  - Leggja fram verkáætlun um endurbyggingu hússins og hvenær henni verði að fullu lokið.
  - Leggja fram staðfestingu á því að viðkomandi hafi fjármagn til endurbyggingar í samræmi við kostnaðaráætlun og það verði helst staðfest af banka að þessir fjármunir séu eða verði til reiðu.
  - Segja þeim að inn í kaupsamning verði sett ákvæði um að ef endurbyggingu verði ekki lokið í samræmi við verkáætlun hafi sveitarfélagið einhliða rétt til að rifta kaupsamningi og þá verði greitt fyrir það sem unnið hefur verið í húsinu samkvæmt samkomulagi aðila en náist það ekki verði það gert skv. niðurstöðu dómkvadds matsmanns.
  - Þá verði afsal ekki gefið fyrir húsinu fyrr en endurbótum sé lokið og því geti viðkomandi ekki veðsett húsið nema með samþykki sveitarfélagsins.
- c. *Sveitarstjóri lagði fram til kynningar mögulegar breytingar á Æskulýðs- íþróttu og menningarmálum sem og ferðamálum sveitastjórnarmönnum til umhugsunar. Hulda, Jóhanna, Hilma og Heiðrún tóku til máls*
- Fundarstjóri þurfti að yfirgefa fundinn og tók Þórir Jónsson varaoddviti við stjórn fundarins*
- Sveitarstjóri tjáði fundarmönnum að nú færri að líða af því að malbikun hæfist. Fyrri helmingur malbikunarstöðvar verður fluttur í dag, rest á morgun. Malbikunarvinna fer í gang á mánuðag/priðjudag í næstu viku. Klæðingar halda áfram á þriðjudag/miðvikudag.*

## **2. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 27.08.2009

Í lið 2, innsend erindi, er óskað eftir styrk vegna meistaranáms og var sveitarstjóra falið að skoða kostnað. Nokkur umræða fór fram um hvar sveitarfélagið ætti að setja mörkin með styrki (aðstoð) vegna náms og hvað varðar meistaranám telja sveitarstjórnarmenn að sveitarfélagið sjái sér ekki fært að styrkja slikt sérnáms.

### **(Samþykkt samhljóða)**

Til máls tóku:SHS

Í lið 6, innsend erindi, er óskað eftir ráðningu í 35-40% starf iðjuþjálfa og var sveitarstjóra falið að fara yfir gildandi samning og koma með tillögu. Sveitarstjóri óskaði eftir að fá að skoða þetta betur.

### **Samþykkt samhljóða**

Til máls tóku:engir

- b. Fundargerð sveitarstjórnar og USB dags. 01.09.2009

#### **Lögð fram til kynningar**

Engin tók til máls:

- c. Fundargerð Húsnaðisnefndar Langanesbyggðar dags. 01.09.2009

#### **Lögð fram til samþykktar**

Enginn tók til máls:

- d. Fundargerð Húsnaðisnefndar Langanesbyggðar dags. 11.09.2009

#### **Lögð fram til samþykktar**

Til máls tóku:

- e. Fundargerð Fræs ehf. dags. 01.09.2009

#### **Lögð fram til kynningar.**

Til máls tóku: HS, ÞJ og SHS

- f. Fundargerð Skarar ehf. dags 07.09.2009

#### **Lögð fram til kynningar.**

Til máls tóku: Engir

- g. Fundargerð Íþróttar-og tómstundarnefndar dags 09.09.2009

Í lið 1 beinir nefndin því til sveitarstjórnar hvort ekki verði hægt að hafa sundlaugina opna á sunnudögum á milli 11:00 -14:00 í þrjá mánuði okt. til des.

Sveitarstjóri tjáði fundarmönnum að hann hafi ræt þetta við forstöðumann Íþróttamiðstöðvarinnar og hann hafi tjáð honum að fenginni reynslu hefur sundlaugin verið illa sótt á sunnudögum. Tillaga sveitarstjóra er sú að vetrartíminn verði óbreyttur enda er sundlaugin opin sex daga vikunnar á mánuðeig til fimmtudags kl. 16:00 til 20:00 á föstudögum kl. 15:00-19:00 og á laugardögum 11:00-14:00 og þar fyrir utan hafa hópar fengið aðgang að sundlaug fyrir utan þennan tíma í samráði við forstöðumann.

#### **Samþykkt að hafa opnunartíma óbreytan að svo stöddu.**

Til máls tóku:allir

## **3. Innsend erindi.**

### **Til afgreiðslu:**

- a. Húsaleigusamningur vegna Eyravegar 2.

Sveitarstjóri fór yfir húsaleigusamning vegna Eyravegs 2 efri hæð þar sem (svartholið er staðsett) en nú vilja fasteignir ríkissjóðs leigja sveitarféluginu það á kr. 300.000 á ári plús allan rekstrakostnað rafmagn ,hita og komi til að gera þurfi breytingar á húsnæðinu t.d. vegna kröfu frá eldvarnareftirlitinu verður það á kostnað leigjanda.

*Sveitarfélagið hefur síðan 2007 verið með húsið sér að kostnaðarlausu þar sem engin notkun hafði verið í húsnæðinu vekur það því furðu sveitarstjórnar manna að rukka eigi fyrir það nú og í ljósi þess að í samningnum kemur fram að þurfi að gera breytingar á húsinu til að uppfylla opinberlega eftirlitskröfur komi það á kostnað leigutaka að gera það en það liggur alveg ljóst fyrir að verði starfsemi þarna áfram þarf að gera breytingar til að uppfylla kröfur vegna neyðarútgangs.*

**Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að kanna málið frekar.**

- b. Bréf frá FME vegna sáttar dags. 21.08.2009

Í bréfinu kemur fram að FME bíður Langanesbyggð sátt að upphæð 650.000 og gengist við því að hafa brotið gegn 128.gr.laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 með því að skilað listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum rúmum 16 mánuðum of sent til fjármálaeftirlitsins.

*Sveitarstjórn Langanesbyggða getur ekki samþykkt þessa sátt enda er hún er að engu rökstudd og hvergi kemur fram hvaðan þessi upphæð sé komin og gerir sveitarfélagið þá kröfu um að málið verði fellt niður, eða sektarfjárhæðin lækkuð stórlægir eða málið tekið að nýju til meðferðar af hálfu starfsmanna eftirlitsins. Sveitarstjóra falið að koma þessu áleiðis til stjórnar FME í samvinnu við lögfræðisvið SÍS.*

**Samþykkt samhljóða.**

Til málss tóku: GL.SHS

**Til kynningar:**

- c. Fundagerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra ásamt greinagerð dags. 26.08.2009

**Lögð fram til kynningar.**

Engin tók til málss:

- d. Bréf frá Evrópuskrifstofunni.

**Lagt fram til kynningar.**

Engin tók til málss:

- e. Bréf frá Þjónustu-og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

**Lagt fram til kynningar.**

Engin tók til málss:

- f. Bréf frá fjárlaganefnd Alþingis dags. 28.09.2009

**Lagt fram til kynningar**

- g. Fundagerð AP dags. 07.09.2009

**Lögð fram til kynningar.**

Engin tók til málss:

- h. Fundagerð Eyþings dags. 31.08.2009

**Lögð fram til kynningar.**

Engin tók til málss:

- i. Bréf frá Samgönguráðuneytinu vegna úrskurðar dags. 27.08.2009

Í bréfi þessu kemur fram úrskurður ráðuneytisins i stjórnsýslumáli nr.17/2009 Sigurður R. Kristinsson gegn sveitarstjórn Langaneshyggðar og beinir ráðuneytið því til sveitarfélagsins að úrskurðurinn verði lagður fram á fundi sveitarstjórnar til kynningar.

**Úrskurðarorð:** "Ákvörðun sveitarstjórnar Langaneshyggðar er tekin var á fundi þann 16. desember 2008 um að sveitarstjórnarmaðurinn Þórir Jónsson væri hæfur til þess að taka þátt í afgreiðslu sveitarstjórnar um að fresta umræðu um stofnun þjónustumiðstöðvar er lögmaet."

**Lagt fram til kynningar**

Til máls tóku:

- j. Skýrsla æskulýðs-og menningarfulltrúa vegna Kátra daga dags. 07.09.2009

**Lögð fram til kynningar.**

Til máls tóku: Allir

Fundargerð uppliesin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:47

Jóhanna Helgadóttir  
Nanna Höskuldssdóttir  
Siggev. B.  
Júlíus Ólafíftir  
Hilma Steinarsdóttir